



HRUNAMANNAHREPPUR

7. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 12. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. DESEMBER 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 2. desember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir fundargerð oddvitafundar þann 29. nóvember s.l., fundargerð 3. fundur Landbúnaðarnefndar í dag 2. desember og styrk úr Þjóðhátíðarsjóði. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

Dagskrá fundarins:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2011.
2. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2011.
3. Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2011.
4. Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús 2011.
5. Tillaga að gjaldskrá fyrir Félagsheimili 2011.
6. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2011.
7. Tillaga um reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti 2011.
8. Jóhann Kormáksson og Esther Guðjónsdóttir. Erindi til hreppsnefndar.
9. Skipan í þjónusturáð vegna samnings um yfirfærslu málefna fatlaðra um sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi.
10. SASS: Umboð til stjórnar þjónustusvæðis.
11. SASS: Þjónustusamningur við Árborg vegna málefna fatlaðra.
12. Límtré Vírnet ehf. Hlutfé.
13. Samningur um snjósmokstur í Hrunamannahrepp.
14. Kerlingarfjöll: Vegtenging við Leppistungur.
15. Markaðsstofa Suðurlands: Framlenging á samstarfssamningi.
16. KPMG. Endurskoðunarbréf vegna KMPG.
17. Stígamót: Styrkbeiðni.
18. Upplit, menningarklasi uppsveita Árnassýslu: Áskorun.
19. Héraðssambandið Skarphéðinn: beiðni um fjárframlög.
20. Þjóðhátíðarnefnd: Bréf vegna 17. Júní.
21. SAMAN hópurinn: Ályktun til sveitarstjórna.
22. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna: Umsókn um styrk.
23. Snorraverkefnið: Styrkbeiðni.
24. Nefndarsvið Alpings. Umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra.
25. Umhverfisnefnd.
26. Bréf frá Daða Geir Samúelssyni.
27. Styrkur til reiðhallarinnar.
28. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps

29. Fræðslunefnd. 6. fundur vegna Leikskóla frá 22. nóvember s.l.
30. Fræðslunefnd. 8. fundur vegna Flúðaskóla frá 22. nóvember s.l.
31. Veitustjórn: 6. fundur stjórnar frá 29. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

32. 29. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 18. nóvember s.l. og 54. og 55. afgreiðslufundir byggingarfulltrúa frá 27. október og 10. nóvember s.l.
33. Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs.: Fjárhagsáætlun
34. Félagsþjónusta: 130. fundur félagsmálanefndar frá 8. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 438 stjórnarfundar 12. nóvember sl.
- b. SASS: Fundargerð 1. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. október sl.
- c. SASS: Fundargerð 2. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. nóvember sl.
- d. Almannaþingin Árnassýslu: Fundargerð 7. fundar Almannaþingarnefndar Árnassýslu frá 16. apríl s.l.
- e. Almannaþingin Árnassýslu: Fundargerð 8. fundar Almannaþingarnefndar Árnassýslu frá 3. maí s.l.
- f. Almannaþingin Árnassýslu: Fundargerð 9. fundar Almannaþingarnefndar Árnassýslu frá 29. október s.l.
- g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 196. stjórnarfundar frá 18. nóvember s.l.
- h. Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 125. stjórnarfundar frá 8. nóvember s.l.
- i. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 154. fundar skólanefndar frá 11. október sl.
- j. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 296. stjórnarfundar frá 18. nóvember s.l.

Kynningarmál:

- k. Bláskógabyggð: Samstarf í Íþrótt og æskulýðsmálum.
- l. Kerlingarfjöll. Fannborg, flutningur á skála.
- m. Fundargerð með Vegagerðinni vegna tjaldsvæðis og önnur mál.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 780. fundar frá 29. október sl.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 781. fundar frá 10. nóvember sl.
- p. Umhverfisstofnun: Reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum.
- q. Menntaverðlaun Suðurlands.
- r. Ferðamálaráð og Skipulagsfræðingafélags Íslands. Heilsuþorp á Flúðum, tilnefning til skipulagsverðlauna.
- s. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið. Skil á fjárhagsáætlun sveitarfélaga 2011.
- t. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið. Uppgjör framlaga vegna húsaleigubóta árið 2009 og áætlun vegna ársins 2010.
- u. Jöfnunarsjóður. Áætluð úthlutun aukaframlaga jöfnunarsjóðs 2010.
- v. Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga. Áætlað tekjujöfnunarframlag 2010.
- w. Innflytjendaráð: Umsóknir um styrki úr þróunarsjóði innflytjendamála.

Fundir framundan.

- x. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands. Aukaaðalfundur á Hvolsvelli 3. desember n.k.
- Skýrsla á skrifstofu**
- y. Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri: Heila og lífsskjör skólanema á Suðursvæði 2006-2010.
 - z. Vinnumálastofnun Íslands. Ársskýrsla 2009

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2011. Lögð var fram drög að fjárhagsáætlun 2011 og minnisblað um forsendur átætlunarinnar. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps fyrir árið 2011. Helstu forsendur eru: Reiknað er með að útsvar verði óbreytt milli ára. Fasteignaskattur er byggður á bráðabirgðaálagningu á fasteignamati fyrir árið 2011. Álagningahlutföll verði hin sömu og ársins 2009, eða 0.60% í A flokki, og 1.32% í B- og C- flokki. Gert er ráð fyrir að fasteignaskattur lækki um 1. millj. vegna lækkunar fasteignamats. Gert er ráð fyrir að framlög úr Jöfnunarsjóði lækki, frá áætlun 2010 um kr. 2. millj. þar sem framlag vegna tryggingargjalds falli niður og nokkur óvissa um þau framlög, þar sem áætlun sjóðsins liggur ekki að fullu fyrir. Gjaldskrár hækki almennt um 3-5%. Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn með hliðsjón af endurskoðaðri áætlun 2010 og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. Þjónustutekjur sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum. Önnur

atriði: Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur** en til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði. Til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld og langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð kr. 26,7 millj., aðallega vegna gatnakerfis og er gert ráð fyrir lántökum að fjárhæð kr. 27. millj. í áætluninni. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni að fjárhæð kr. 20,5 millj. Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti hreppsnefnd að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum. Áætlað er að sá fundur verði mánudaginn 20. desember.

2. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2011.**
Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2011. Lagt er til að álagning verði óbreytt, eða 13,28% en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna samhljóða.
3. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2011.**
Oddviti lagði fram tillögu um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2011. Gert er ráð fyrir 4% hækkun frá síðasta ári. Sorphirðugjöld íbúðarhúsa verði kr. 15.900, sorpeyðingargjald íbúðarhúsa verði 16.800, vegna sumarhúsa kr. 13.300 og atvinnuhúsnæðis kr. 33.300. Sérstakt aukasorpgjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 4%. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
4. **Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og ípróttahús 2011.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og ípróttahús á árinu 2011. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
5. **Tillaga að gjaldskrá fyrir Félagsheimili 2011.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Félagsheimilið fyrir árið 2011. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
6. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2011.**
Oddviti lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2011. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
7. **Tillaga um reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti 2011.**
Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkuleyfisþega. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
8. **Jóhann Kormáksson og Esther Guðjónsdóttir. Erindi til hreppsnefndar.**
Oddviti kynnti beiðni um afslátt af fjallskilagjöldum. Hreppsnefnd samþykkir að senda erindið til landbúnaðarnefndar. Esther vísar sæti við umfjöllun og afgreiðslu málsins.
9. **Skipan í þjónusturáð vegna samnings um yfirfærslu málefna fatlaðra um sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi.**
Oddviti kynnti að félagsþjónustusvæði Uppsveita og Flóa þyrftu að skipa formlega í þjónusturáð vegna sameiginlegs þjónustusvæðis um málefni fatlaðra á Suðurlandi og einnig drög að erindisbréf. Hreppsnefnd samþykkir að fresta málinu til næsta fundar.
10. **SASS: Umboð til stjórnar þjónustusvæðis.**
Oddviti kynnti beiðni SASS um að fulltrúar aðildarsveitarfélaga samnings um sameiginlegt þjónustusvæði um málefni fatlaðra í stjórn SASS, og mynda stjórn þjónustusvæðisins, verði veitt umboð til að annast almenna stjórnun og ábyrgð á framkvæmd samningsins. Hreppsnefnd samþykkir að veita fulltrúum sínum í stjórn SASS slíkt umboð.
11. **SASS: Þjónustusamningur við Árborg vegna málefna fatlaðra.**
Oddviti kynnti drög að samningi milli stjórnar sameiginlegs þjónustusvæðis á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða og Árborgar um sameiginleg verkefni sem Sveitarfélagið Árborg myndi sinna. Hreppsnefnd getur fallist á efni samningsins

- en mælist til þess samningurinn gildi í eitt ár og verði endurskoðaður fyrir 1. desember 2011.
12. **Límtré Vírnet ehf. Hlutafé.**
Oddviti kynnti og fór yfir kaup Uxahryggja ehf á Límtré-Vírnet ehf en sveitarfélagið átti aðkomu að kaupunum gegn um það félag. Hreppsnefnd samþykkir að verða áfram hluthafi í félaginu og framlag sveitarfélagsins verði kr. 500.000.
 13. **Samningur um snjómokstur í Hrunamannahrepp.**
Oddviti kynnti drög að samningi um snjómokstur í Hrunamannahreppi milli Vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps við Fögrusteina ehf. Hreppsnefnd samþykkir að ganga til samninga við Fögrusteina og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir sína hönd.
 14. **Kerlingarfjöll: Vegtenging við Leppistungur.**
Oddviti kynnti beiðni Fannborgar ehf um að sveitarfélagið endurskoði afstöðu sína til lokunar á slóða sem liggur frá Leppistungnaskálanum og til austurs á Klakksleið við Litla Lepp. Hreppsnefnd vísar málinu til landbúnaðarnefndar.
 15. **Markaðsstofa Suðurlands: Framlenging á samstarfssamningi.**
Oddviti kynnti beiðni frá Markaðsstofu Suðurlands um framlengingu á samstarfssamningi til 4 ára. Hreppsnefnd samþykkir að framlengja samninginn enda verði kostnaður á íbúa óbreyttur í nýjum samningi og þau sveitarfélög sem hafi verið samstarfsaðilar verði það áfram. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að undirrita nýjan samning.
 16. **KPMG. Endurskoðunarbréf vegna KPMG.**
Oddviti kynnti endurskoðendabréf vegna vinnu KPMG fyrir sveitarfélagið. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að undirrita endurskoðendabréfið fyrir hönd sveitarfélagsins.
 17. **Stígamót: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti bréf Stígamóta þar sem óskað er eftir styrk vegna ársins 2011. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
 18. **Upplit, menningarklasi uppsveita Árnæssýslu: Áskorun.**
Oddviti kynnti áskorun haustfundar Upplits-menningarklása uppsveita Árnæssýslu um að Héraðsskólanum að Laugarvatni verði fundið menningarlegt hlutverk.
 19. **Héraðssambandið Skarphéðinn: beiðni um fjárframlög.**
Oddviti kynnti beiðni HSK um beiðni um fjárframlag á hvern íbúa sveitarfélagsins. Hrunamannahreppur getur ekki orðið við beiðninni og vísar til þess að sveitarfélagið er að styrkja HSK í gegn um Héraðsnefnd Árnésinga.
 20. **Þjóðhátíðarnefnd: Bréf vegna 17. júní.**
Oddviti kynnti bréf frá formanni Þjóðhátíðarnefndar vegna framkvæmdar við þjóðhátíðarhöldin 17. júní. Hreppsnefnd tekur undir að framkvæmd hátíðarhaldanna þurfi að vera í föstum skorðum og felur sveitarstjóra að huga að mótun hátíðarhaldanna í tengslum við samstarfssamning sem þarf að gera við Ungmennafélagið.
 21. **SAMAN hópurinn: Ályktun til sveitarstjórna.**
Oddviti kynnti ályktun frá SAMAN hópunum um skemmtana fyrir unglinga undir lögdri á vínveitingahúsum.
 22. **Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna: Umsókn um styrk.** Oddviti kynnti umsókn um styrk. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
 23. **Snorraverkefnið: Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna Snorraverkefnis. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
 24. **Nefndarsvið Alþings. Umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra.**
Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um málefni fatlaðra. Hreppsnefnd tekur undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 25. **Umhverfisnefnd.**
Lagt fram bréf frá fulltrúum Á-lista vegna Umhverfisnefndar þar sem ekki hefur verið boðað til fundar í nefndinni. Meirihluti hreppsnefndar telur ekki ástæðu til að breyta nefndarskipan í Umhverfisnefnd enda er nefndin skipuð góðu og hæfu fólki sem meirihlutinn treystir vel fyrir störfum nefndarinnar.
 26. **Bréf frá Daða Geir Samúelssyni.**

Oddviti kynnti bréf sem borist hefur frá Daða Geir Samúelssyni, sem hann bendir á að brynt sé að setja upp skilti með merki sveitarfélagsins við aðkomuleiðir inn í hreppinn. Hreppsnefnd tekur undir að það þurfi að bæta merkingar í sveitarfélaginu og felur sveitarstjóra að skoða hvort slíkt verkefni rúmist innan fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

27. Styrkur til reiðhóllarinnar.

Hreppsnefnd samþykkir að styrkja starfsemi reiðhóllarinnar um kr. 500.000 í samræmi við fjárhagsáætlun 2010 vegna æskulýðsstarfsemi sem þar fer fram.

28. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði mánudaginn 20. desember kl. 16:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps

29. Fræðslunefnd. 6. fundur vegna Leikskóla frá 22. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna leikskóla. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra, fjárhagsáætlun, skólaráð fyrir leik- og grunnskóla og önnur mál. Nefndin leggur til 2,75% hækkun á leikskólagjöldum frá og með 1. janúar nk. og samsvarandi hækkun á matarkostnaði. Hreppsnefnd samþykkir að leikskólagjöld skuli hækka um 3% og matarkostnaður um 5% frá og með næstu áramótum í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkanir sveitarfélagsins. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

30. Fræðslunefnd. 8. fundur vegna Flúðaskóla frá 22. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólastjóra, fjárhagsáætlun, skólanámsskránnar, leiðarvísir fyrir skólanefndir og önnur mál. Nefndin leggur til að verð á skólamáltíð hækki úr kr. 220 í kr. 230 fyrir börn en í kr. 350 fyrir starfsmenn sveitarfélagsins sem borða í mótuneytinu frá og með 1. janúar nk. Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlun nefndarinnar með þeim breytingum að afnot skóla af sundlaug og íþróttahúsi hækka í samræmi við tillögur endurskoðenda. Aðrar máltíðir vegna hressingar í skóla, skóladagheimili og fæði í Heimalandi hækki um 5% frá og með 1. janúar 2011. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

31. Veitustjórn. 6. fundur stjórnar frá 29. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða, Vatnsveitu Hrunamannahrepps, Fráveitu Hrunamannahrepps, fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða fyrir 2011, umsögn um frumvörp, Hitaveitu Grafarhverfis, byggingarreglugerð vegna stýringar á heitum pottum og viljayfirlýsingu við Bændavirkjun. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki almennt um 3% og taxti gróðurhúsa hækki um 8%. Gjaldskrá vegna vatnsveitu hækki almennt um 3% en 10% á fastagjald í sumarhús. Gjaldskrá vegna fráveitu hækki almennt um 3% en þak verði sett á fráveitugjald á íbúð kr. 60.000 og atvinnuhúsnæði kr. 180.000. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til. Þá felur hreppsnefnd oddvita að undirrita viljayfirlýsingu við Bændavirkjanir.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

32. 29. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 18. nóvember s.l. og 54. og 55. afgreiðslufundir byggingarfulltrúa frá 27. október og 10. nóvember s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 29. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 18. nóvember 2010 en þar er fjallað um 3 mál fyrir Hrunamannahrepp. Farið var yfir mál nr. 2 þar sem samþykkt var fundargerð 54. og 55. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem 3 mál snertu Hrunamannahrepp, mál nr. 3 sótt er um leyfi til byggingar hesthúss við Syðra-Langholt þar sem óskað var eftir grenndarkynningu og meðmælum Skipulagsstofnunar og mál nr. 8 lóðablað fyrir lóð undir Útlagann sem samþykkt með fyrirvara um staðfestingu aðliggjandi lóðarhafa á landamörkum. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.

- 33.6. fundur stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs.
Oddviti kynnti 6. fundar stjórnarinnar, fjárhagsáætlun fyrir Skipulags og byggingarfulltrúaembættið og þær breytingar sem voru gerðar á henni á stjórnarfundinum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og fjárhagsáætlunina með áorðnum breytingum.
34. Félagsþjónusta: 130. fundur félagsmálanefndar frá 8. nóvember s.l.
Oddviti kynnti fundargerð 130. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina en mælist til þess að félagsmálanefndin leiti eftir umsögn viðkomandi sveitarfélags þegar verið er að taka ákvörðun um leyfisveitingu til stuðningsfjölskylda þar sem það getur haft veruleg áhrif á skólastarf.

Önnur mál:

35. Fundargerð oddvitafundar þann 29. nóvember s.l.
Oddviti kynnti fundargerð oddvitafundar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
36. Fundargerð 3. fundar Landbúnaðarnefndar 2. desember.
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar Landbúnaðarnefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina en tekur að framkvæmdir vegna skála og aðstöðu verði að rúmast innan fjárhagsáætlunar.
37. Styrkur úr Þjóðhátíðarsjóði.
Esther upplýsti að Sauðfjárræktarfélagið hefði fengið kr. 1.000.000 í styrk frá Þjóðhátíðarsjóði til uppbyggingar á réttunum.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 438 stjórnarfundar 12. nóvember sl. Fundargerð lögð fram.
- b. SASS: Fundargerð 1. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. október sl. Fundargerð lögð fram.
- c. SASS: Fundargerð 2. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. nóvember sl. Fundargerð lögð fram.
- d. Almannaþingir Árnessýslu: Fundargerð 7. fundar Almannaþingarnefndar Árnessýslu frá 16. apríl s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. Almannaþingir Árnessýslu: Fundargerð 8. fundar Almannaþingarnefndar Árnessýslu frá 3. maí s.l. Fundargerð lögð fram.
- f. Almannaþingir Árnessýslu: Fundargerð 9. fundar Almannaþingarnefndar Árnessýslu frá 29. október s.l.
Fundargerð lögð fram og samþykkir hreppsnefnd forsendur fjárhagsáætlunar Almannaþingarnefndar Árnessýslu.
- g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 196. stjórnarfundar frá 18. nóvember s.l. Fundargerð lögð fram.
- h. Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 125. stjórnarfundar frá 8. nóvember s.l. Fundargerð lögð fram.
- i. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 154. fundar skólanefndar frá 11. október sl. Fundargerð lögð fram.
- j. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 296. stjórnarfundar frá 18. nóvember s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- k. Bláskógabyggð: Samstarf í Íþróttum og æskulýðsmálum. Lagt fram til kynningar.
- l. Kerlingarfjöll: Fannborg, flutningur á skála. Lagt fram til kynningar.
- m. Fundargerð með Vegagerðinni vegna tjaldsvæðis og önnur mál. Lagt fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 780. fundar frá 29. október sl. Lagt fram til kynningar.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 781. fundar frá 10. nóvember sl. Lagt fram til kynningar.
- p. Umhverfisstofnun: Reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum.
- q. Menntaverðlaun Suðurlands. Lagt fram til kynningar.

- r. Ferðamálaráð og Skipulagsfræðingafélags Íslands. Heilsuþorp á Flúðum, tilnefning til skipulagsverðlauna. Lagt fram til kynningar.
- s. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið. Skil á fjárhagsáætlun sveitarfélaga 2011. Lagt fram til kynningar.
- t. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið. Uppgjör framlaga vegna húsaleigubóta árið 2009 og áætlun vegna ársins 2010. Lagt fram til kynningar.
- u. Jöfnunarsjóður. Áætluð úthlutun aukaframlaga jöfnunarsjóðs 2010. Lagt fram til kynningar.
- v. Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga. Áætlað tekjujöfnunarframlag 2010. Lagt fram til kynningar.
- w. Innflytjendaráð: Umsóknir um styrki úr þróunarsjóði innflytjendamála. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan.

- x. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands. Aukaaðalfundur á Hvolsvelli 3. desember n.k.

Skýrsla á skrifstofu

- y. Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri: Heila og líf skjör skólanema á Suðursvæði 2006-2010.
- z. Vinnumálastofnun Íslands. Ársskýrsla 2009

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:30

3. Fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2010-2014.
7. Fundur ársins haldinn að Sólheimum miðvikudaginn 2. desember 2010 kl. 10.00.

Dagskrá:

1. Flutningur á sauðfé innansveitar.
2. Viðhald afréttarhúsa.
3. Afréttargirðingin.
4. Gjaldskrá fyrir afréttinn.
5. Kynning á afréttarhúsum.

Mættir: Esther Guðjónsdóttir formaður sem ritaði fundargerð, Bjarni Valur Guðmundsson og Jón Viðar Finnsson.

1. Upp komu mál varðandi flutning fjár milli bæja í sveitinni. Landbúnaðarnefnd ræddi við viðkomandi bændur og kynnti þeim reglur varðandi búfjárflutninga. Nefndin leggur til að sauðfjárþændum verði kynntar þær reglur sem gilda í neyðartilfellum ef fjárlitlir sauðfjárþændur verða hrútlausir.
2. Nefndin minnir á viðhaldslista afréttarhúsanna frá því sumarið 2010 og leggur til að það sem á honum stendur verði framkvæmt sumarið 2011. Að auki leggur nefndin til að salernisaðstaða í Leppistungum verði lagfærð á sama hátt og gert var í Helgaskála og að hestagerðið í Svínánesi verði girt upp á ný.
3. Nefndin leggur til að boðin verði út 1. Km í endurnýjum afréttargirðingarinnar.
4. Nefndin leggur til að búin verði til gjaldskrá fyrir afréttinn þar sem fram koma gjöld fyrir fjallskil, leiga á afréttarhúsum, heysala og fl. og verði gjaldskráin endurskoðuð að vori árlega.
5. Nefndin ræddi um skort á upplýsingum um afréttarhúsin á heimasíðu hreppsins og nauðsyn þess að kynna húsin betur með von um bættra nýtingu á húsunum.

Fundi slitið kl.11.30